

19 búöndum, sem tóku börnin, hafi skýrt frá því, að hreppsnefndin hefði komið börnunum
26. jan. fyrir hjá sjer, og að hún einnig hafi galdið sjer umsamið meðlag með þeim.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, get jeg ekki fallist á hinn áfrýjaða úrskurð yðar, herra amtmaður, en verð aptur á móti að staðfesta úrskurð sýslumannsins í Rangárvallasýslu, er skyldar Fljótshlíðarhreppi til að endurgjalda Austur-Eyjafjallahreppi hinn umrædda styrk með 138 fiskum í peningum eptir verðlagsskrá þeirri, er gildi um það leyti, sem styrkurinn var veittur.

20 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um máls-
27. jan. sókn út af ólöglegri húsmennsku.* — Með þóknanlegum brjefum yðar, herra amtmaður, frá 8. nóv. f. á. og 15. þ. m. hefi jeg meðtekið álit yðar og ítarlegar skýringar um kæru Einars nokkurs Ingimundarsonar út af því, að hann, eptir að hafa keypt sjer hús («bæ») hjer í bænum, búið þar á 8da ár og greitt á hverju ári þau gjöld til bæjarsjóðs og fl., er jafnað hafi verið á hann, hafi verið ákærður um ólöglega húsmennsku og með amtsúrskurði skyldaður til að greiða 10 kr. sekt.

Fyrir því skal tjáð yður hið eptirfaranda til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda:

Undir lögreglumáli því, er höfðað hefir verið gegn Einari Ingimundarsyni, er það fullkomlega sannað, að hann hafi vorið 1872 sezt að hjer sem húsmáður, án þess að fá til þess slíkt leyfi sveitarstjórnarinnar, sem getur um í 12. gr. tilsk. 26. maí 1863, en að það þvert á móti hafi með brjefum bæjarfógetans í Reykjavík frá 21. sept. og 4. okt. 1872 skýrt og skorinort verið tjáð honum, að fátækrastrjórnin hefði synjað honum um leyfi þetta, og sjest það ekki, að hann hafi gjört nokkra ráðstöfun til, að áfrýja neitun þessari til amtsins. Það getur þannig ekki verið neinum vafa undirorpið, að Einar Ingimundarson hafi orðið sekur í broti á 12. gr. tilsk. 26. maí 1863, eins og ákveðið er með úrskurði amtsins frá 17. okt. f. á., og að hann hefði orðið að sæta hegningu fyrir brot þetta, ef þessari ábyrgð hefði í tæka tíð verið fylgt fram gegn honum.

En nú ákveður 67. gr. hegningarlaganna, að «ekki skal höfða mál á móti manni til refsingar, þegar liðin eru 2 ár frá því, að hann varð brotlegur, og afbrotið á undir hegningarákvörðun, þar sem ekki er sett þyngri hegning en sektir, einfalt fangelsi eða hýðing með vendi». Þó hin nefnda ákvörðun einkum verði að hafa þau afbrot fyrir augum, er getur um í hegningarlögunum, og þó afbrot það, er hjer ræðir um, sje ekki meðal þeirra, virðist mjer vafasamt, hvort alveg megi líta burt frá henni við þetta mál, því allar ástæður þær, sem ákvörðunin er byggð á, eiga enn betur við slíkar lögregluyfirsjónir, og hjer er um að ræða, en við hin eiginlegu sakamál, sem hegningarlögin beinlínis eiga við. Mjer virðist það því vafasamt, hvort nægileg ástæða hafi verið til að höfða mál það, er þjer, herra amtmaður, hafið úrskurðað, en þar sem það er fyrsta sinn, að spurning þessi kemur fyrir, eptir að hegningarlögin 25. júní 1869 náðu gildi, hefi jeg ekkert á móti því, að bæjarfógetinn í Reykjavík eða bæjarstjórnin, ef hún óskar, að Einar Ingimundsson verði lögsóttur fyrir hið nefnda brot, þó það virðist að hafa verið óatalið í rúm 7 ár, láti halda máli þessu til dóms, svo að úrlausn dómstólanna geti fengizt um það, hvort hinar almennu ákvarðanir í hegningarlögunum um fyrningu refsingarábyrgðar eigi ekki að takast til greina við almenn lögreglumál.

Samkvæmt því, er þannig er tekið fram, skal amtsúrskurður sá frá 17. oktbr. f. á., er ræðir um í þessu máli, hjer með úr gildi felldur.